

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag Urriðaholts, norðurhluta og breytingar á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta:

1. *Urriðaholt - norðurhluti, deiliskipulag.*  
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 66-72 íbúðum í 3 fjölbýlishúsum og leikskólalóð. Allar byggingsar standa við norðurenda Holtsvegar að vestanverðu.
2. *Hellagata 31, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 3 (úr 6 í 9) og fjölgun bílastæða um 6 (úr 12 í 18). Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.
3. *Holtsvegur 51, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 6 (úr 10 í 16) og fjölgun bílastæða um 16 (úr 20 í 36). Byggingarmagn ofanjarðar minnkar um 326 m<sup>2</sup>.
4. *Hraungata 19-23, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir minniháttar breytingum á byggingarreitum og tilfærslum á bílastæðum. Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.
5. *Hraungata 41-45 og 47-51, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir minniháttar breytingum á byggingarreitum og tilfærslum á bílastæðum. Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.
6. *Hraungata 25-39, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 2 (úr 8 í 10) og fjölgun bílastæða um 4 (úr 18 í 22) eins og skipulagsnefnd hefur áður samþykkt. Valmöguleiki um raðhúsagerð R1 er felldur út.
7. *Víkurgata 2, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 2 (úr 8 í 10) og fjölgun bílastæða um 7 (úr 10 í 17). Byggingarmagn ofanjarðar stækkar um 99 m<sup>2</sup>.
8. *Skólalóðir við Vörðuveg, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir að grunnskólalóðin Vörðuvegur 1 og leikskólalóðin Vörðuvegur 3 sameinist í eina lóð Vörðuveg 1-3 og að gönguleið sem lá á milli lóðanna verði felld út.
9. *Salarhæð fjölbýlishúsa, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.*  
Breytingin gerir ráð fyrir að skilgreind lágmarks salarhæð fjölbýlishúsa verði 2,9 m í stað 3,0 m.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 27. mars 2014.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.